

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Efnisyfirlit

1.	MARKMIÐ OG TILGANGUR ÁHÆTTUSTÝRINGARSTEFNU.....	3
1.1	Ábyrgðaraðilar	3
1.2	Áhættumælingar	4
1.3	Viðbrögð og endurgjöf	4
1.4	Eigið áhættu- og gjaldpósmat.....	4
1.5	Frávik frá þolmörkum	5
2.	ALMENNT UM ÁHÆTTUSTÝRINGU	5
2.1	Markmið	5
2.2	Áhættuþættir og áhættuviðmið	5
3.	STÝRING EINSTAKRA ÁHÆTTUÞÁTTA	6
3.1	Vátryggingaráhætta.....	6
3.1.1	Einkenni vátryggingastarfsemi og áhætta í samningum	6
3.1.2	Verklag varðandi sölu og áhættumat	7
3.1.3	Samspil iðgjalda og tjónskostnaðar	8
3.1.4	Greining áhættuþátta varðandi vátryggingaskuld.....	8
3.1.5	Endurtryggingar	8
3.1.6	Afgreiðsla tjóna	9
3.1.7	Hagsmunaárekstrar	11
3.2	Markaðsáhætta	11
3.2.1	Samspil eigna- og skuldbindinga	12
3.3	Mótaðilaáhætta.....	13
3.4	Lausafjáraáhætta.....	14
3.5	Rekstraráhætta.....	15
3.6	Eiginfjáraáhætta	17
3.7	Stefnumótunaráhætta.....	18
3.8	Samþjöppunaráhætta	19
3.9	Orðsporsáhætta	19

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

3.10	Sviksemisáhætta.....	20
3.11	Fylgni milli áhættupátta	21
4.	STARFSSVIÐ TRYGGINGARSTÆRÐFRÆÐINGS.....	21
4.1	Verkefni tryggingastærðfræðings.....	21
5.	FRÁVIK OG BREYTINGAR.....	22

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

1. MARKMIÐ OG TILGANGUR ÁHÆTTUSTÝRINGARSTEFNU

Viðlagatrygging Íslands hefur sett sér stefnu um áhættustýringu með hliðsjón af 17. gr. leiðbeinandi tilmæla FME nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Stefnan tekur til þess hvernig félagið stýrir einstökum tegundum áhættu. Stefnan tekur einnig mið af lögbundnu lágmarksgjaldþoli, stýringu fjármuna og aðferðum við að fylgjast með áhættu. Auk þeirra áhættuþátta sem tilgreindir eru í tilmælunum er fjallað um stefnumótunar-, samþjöppunar- og orðsporsáhættu í stefnunni. Markmið stefnunnar er að tryggja viðeigandi umgjörð samhæfðrar áhættustýringar í samræmi við stærð, eðli og margbreytileika stofnunarinnar, vera hluti af starfseminni og endurspeglar allar helstu fyrirsjáanlegar áhættur sem stofnunin getur orðið fyrir¹.

Grunnhlutverk, helstu skyldur og kjarnastarfsemi VTÍ eru skilgreind í lögum um starfsemi stofnunarinnar. Meginmarkmið stjórnar með áhættustefnunni er að tryggja að VTÍ geti sinnt grunnhlutverki sínu og rækt skyldur sínar með sem minnstri röskun sökum óhagstæðrar þróunar þátta sem falla innan sem utan kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Kostnaður, lagaumgjörð, forsaga og fleira takmarka þau úrræði sem hægt er að grípa til í rekstri VTÍ. Stjórn VTÍ er því ljóst að áhættustýringarstefnan og áhættustýring byggð á henni snýst einatt um að finna meðalveg, skilgreina ásættanleg mörk og leita bestu mögulegra leiða m.v. markmið og ytri aðstæður.

1.1 Ábyrgðaraðilar

Stjórn ber ábyrgð á umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og að til séu skilvirkir ferlar og vinnulag í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar.² Framkvæmdastjóri fer með hlutverk áhættustjóra í skilningi leiðbeinandi tilmæla FME nr. 3/2014.³ Framkvæmdastjóri skal veita stjórn reglulega upplýsingar um ógnir sem teljast verulegar, annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni stjórnar.⁴

Mótun áhættustýringarstefnu er í höndum stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri sér til þess að áhættustýringarstefnu og öðrum reglum og viðmiðum um áhættustýringu sé framfylgt. Í tengslum við störf sín og í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun skal innri endurskoðandi leggja mat á árangur af áhættustýringu.⁵ Innri endurskoðandi skal gera grein fyrir því í endurskoðunaráætlunum sínum hversu oft slíkar úttektir fara fram.

¹ Sbr. 5. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

² Sbr. 6., 8. og 9. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³ Sbr. 10. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴ Sbr. 11. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁵ Sbr. 12. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

1.2 Áhættumælingar

Áhættumælingar eru ýmist hluti af innra eftirliti og innri úttektum eða framkvæmdar samhliða gerð áhættuskýrslu sem lögð er árlega fyrir stjórn og endurskoðunarnefnd. Í áhættumiðaðri úttektaráætlun er gert ráð fyrir að starfsmenn sem annast úttektir séu eins óháðir verkefnum sem eru til úttektar og hægt er. Allir starfsmenn taka þátt í mismunandi þáttum innra eftirlits og innri úttektum. Framkvæmdastjóri, gæðafulltrúi og lögfræðingur funda reglulega um framkvæmd áhættumælinga. Gæðafulltrúi er ábyrgðaraðili á innri úttektum og áhættumælingum innan stofnunarinnar⁶. Telji gæðafulltrúi að framkvæmd áhættumælinga sé á einhvern hátt ófullnægjandi skal hann skv. siðareglum (VLR217) taka það mál upp við framkvæmdastjóra eða ef hann kýs heldur, beint og milliliðalaust við stjórn⁷.

1.3 Viðbrögð og endurgjöf

Áhættustýring Viðlagatryggingar Íslands skal taka mið af breytingum á ytra umhverfi og innra skipulagi stofnunarinnar.⁸

Í umgjörð samhæfðrar áhættustýringar skal felast endurgjöf sem byggir á hlutlægu mati. Með endurgjöf er hér til dæmis átt við reglulega endurskoðun þar sem farið er yfir árangur áhættustýringar og hvað betur megi fara. Til að tryggja reglulega umfjöllun um áhættustýringu og mögulegar úrbætur fundar framkvæmdastjóri með viðkomandi starfsmönnum eftir þörfum. Áhættur og mögulegar úrbætur eru ræddar og fundargerðir skráðar á fundunum. Opin umræða og endurgjöf á fundum framkvæmdastjóra með starfsmönnum gerir Viðlagatryggingu Íslands kleift að bregðast tímanlega við breytingum á samsetningu áhættu.⁹

1.4 Eigið áhættu- og gjaldþolsmat

Árlega skal framkvæma eigið áhættumat sem veitir stjórn og endurskoðunarnefnd upplýsingar um virkni áhættustýringar¹⁰. Matið skal taka til allra viðeigandi áhættuþátta stofnunarinnar¹¹. Niðurstöður úr áhættumati skulu settar fram í áhættustýringarskýrslu sem lögð er fyrir stjórn og endurskoðunarnefnd í upphafi hvers árs. Í áhættuskýrslunni skal fjalla um hverja og eina áhættu úr áhættustýringarstefnu, þær kröfur sem settar hafa verið fram um stýringu áhættu, þolmörkin, fylgni við áhættustýringarstefnu og niðurstöður úr áhættumælingum. Ef ástæða er til skal einnig fjalla um aðrar áhættur en þær sem fjallað er um í áhættustýringarstefnunni. Ekki eru gerðar kröfur til Viðlagatryggingar Íslands um gjaldþolsmat (own Risk and Solvency Assessment, ORSA) sem kveðið er á um í liðum 24-36 í leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2014 skv. undanþáguheimild frá FME, dags. 20. mars 2012.

⁶ Sbr. 12. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁷ Sbr. 11. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁸ Sbr. 22. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁹ Sbr. 23. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹⁰ Sbr. 24. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹¹ Sbr. 17. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

1.5 Frávik frá þolmörkum

Áhættustýringin felur í sér þolmörk á mismunandi tegundum áhættu sem miðast við gjaldþol váttryggingafélagsins og notkun aðferða til mildunar áhættu¹². Öll frávik frá þolmörkum sem fram koma í áhættustýringarstefnu Viðlagatryggingar Íslands, skulu tilkynnt til stjórnar og endurskoðunarnefndar Viðlagatryggingar Íslands auk eftirlitsstofnana eftir því sem við á¹³.

2. ALMENNT UM ÁHÆTTUSTÝRINGU

Skipulag áhættustýringar er einn af lykilþáttum í rekstri VTÍ. Áhættustýringin byggist á því að tilgreina, meta, mæla, stýra og milda áhættu í rekstrinum. Hún felur í sér sjálfsmat á öllum fyrirsjáanlegum áhættum og þurfa ákvarðanir varðandi áhættustýringu að vera samhæfðar til að hámarka hagkvæmni í rekstri VTÍ og váttryggingarvernd váttryggingartaka.¹⁴ Áhersla skal lögð á skjölun og aðgengi gagna, forsendur fyrir mælikvörðum og greinargóða framsetningu á upplýsingum um áhættustýringu. Ferlar og eftirlit er í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar.

Breytingar á umgjörð áhættustýringar skulu skráðar á viðeigandi hátt, m.a. til að Fjármálaeftirlitið geti sannreynt að umgjörðin þróist í samræmi við breytingar á umhverfi og rekstri stofnunarinnar.¹⁵

2.1 Markmið

Markmið áhættustýringar felast í því að greina áhættu til að fyrirbyggja að upp komi atvik sem kunna að valda stofnuninni rekstrartruflunum eða varanlegum skaða. Með innleiðingu aðgerða til að fylgjast með áhættuþáttum, reglulegu mati á árangri af eftirliti með áhættuþáttum og framkvæmd áhættustýringar er stefnt að því að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

2.2 Áhættuþættir og áhættuviðmið

Í stefnunni eru skilgreindir þeir áhættuþættir sem stofnunin býr við, sett fram stefna og/eða markmið varðandi hvern þátt, ákveðnar viðmiðunarkröfur og aðferðir sem beita skal við eftirlit með hverjum áhættuþætti.

Helstu áhættur hjá Viðlagatryggingu Íslands eru eftirfarandi¹⁶:

- Váttryggingaráhætta
- Markaðsáhætta
- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Rekstraráhætta
- Eiginfjáraáhætta

¹² Sbr. 7. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹³ Sbr. 11. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹⁴ Sbr. 2. og 3. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹⁵ Sbr. 13. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹⁶ Sbr. 17. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Auk þeirra þátta sem leiðbeinandi tilmæli FME gera grein fyrir er sérstaklega fjallað um stefnumótunar-, samþjöppunar-, orðspors- og sviksemisáhættu og ástæður og áhrif áhættuþátta og tengslum á milli þeirra í þeim tilgangi að tilgreina styrkleika og veikleika í rekstri stofnunarinnar. Niðurstöður úr þeirri greiningu skal nýta til bættrar áhættustýringar og breytinga í skipulagi þar sem það á við.

3. STÝRING EINSTAKRA ÁHÆTTUÞÁTTA

Áhættum hjá Viðlagatryggingu er stýrt með eftirfarandi hætti:

3.1 Vátryggingaráhætta

Skilgreining:

Vátryggingaráhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri hækkun á virði vátryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á vátryggingaskuld¹⁷. Vátryggingaráhættu er m.a. stýrt með því að marka verklag varðandi¹⁸:

- Einkenni vátryggingastarfsemi og áhætta í samningum
- Verklag varðandi sölu og áhættumat
- Samspil iðgjalda og tjónskostnaðar
- Greining áhættuþátta varðandi vátryggingaskuld
- Endurtryggingar
- Afgreiðsla tjóna
- Hagsmunaárekstrar

3.1.1 Einkenni vátryggingastarfsemi og áhætta í samningum

Stefna/markmið:

Einkenni starfseminnar er helst sú að allar vátryggingar sem í gildi eru hjá stofnuninni eru lögbundnar skylduvátryggingar. Iðgjöld eru ákvörðuð með lögum og svo er einnig með umfang vátryggingarverndar. Viðlagatrygging Íslands leggur áherslu á að góð samvinna sé við þá sem fara með löggjafarvaldið, embættismenn sem og ráðherra yfir málefnum stofnunarinnar þannig að iðgjöld séu í samræmi við áhættu¹⁹.

Viðmiðunarkröfur:

Á hverjum tíma skal leitast við að halda með skilvirkum hætti utan um upplýsingar sem gagnast til úrbóta hjá stofnuninni, varðandi breyttar áherslur í vátryggingarvernd, eigin áhættu í vátryggingaratburðum og verðlagi á vátryggingarvernd. Upplýsingum skal komið á framfæri við fagráðuneyti til að þær nýtist við ákvarðanir löggjafarvaldsins, sem og öðrum þáttum sem tengjast lögum og reglum sem um stofnunina gilda.

¹⁷ Sbr. 37. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹⁸ Sbr. 38. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

¹⁹ Sbr. 39. a lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Eftirlitsþættir:

Fylgjast skal með vísbendingum um óhagstætt hlutfall tekna og útgjalda með því að leggja mat á hlutfall iðgjalda og áætlaðs tjónakostnaðar til lengri tíma. Vinna skal greiningar og upplýsingar þannig að ávallt liggi fagleg rök að baki þeim upplýsingum sem lagðar eru fyrir fagráðuneyti og tillögum til breytinga.

3.1.2 Verklag varðandi sölu og áhættumat

Stefna/markmið:

Viðlagatrygging hefur ekki forræði á stefnu um sölu váttrygginga umfram það sem fram kemur í kafla 3.1.1 Engu að síður eru verulegir hagsmunir fólgnir í að umsjón á innheimtu iðgjalda sé með hagkvæmum og áreiðanlegum hætti. Stefnt skal að því að fyrir árslok 2015 verði úrbótum vegna upplýsingagjafar samhliða iðgjaldagreiðslum frá váttryggingafélögum lokið. Með greiddum iðgjöldum skuli fylgja upplýsingar um flokka iðgjaldastofna og dreifingu iðgjalda eftir landsvæðum. Þannig sé best tryggt að iðgjöld séu greidd af viðeigandi váttryggingaflokkum. Til að staðfesta skil á innheimtum viðlagatryggingariðgjöldum frá váttryggingafélögum skal staðfestingar óskað frá endurskoðendum viðkomandi váttryggingafélaga.

Unnið skal með markvissum hætti að virku áhættumati fyrir þær áhættur sem stofnunin váttryggir gegn þannig að tryggt sé að innheimt iðgjöld séu í samræmi við áhættu og að stofnunin sé í stakk búin til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Viðmiðunarkröfur:

Staðfesting endurskoðenda hvers váttryggingafélags skal liggja fyrir við gerð ársreiknings ár hvert. Staðfestingin felur í sér að fullt samræmi sé milli innheimtu viðlagatryggingariðgjalda af hálfu váttryggingafélaganna og greiðslna þeirra til Viðlagatryggingar Íslands.

Á hverju ári skal unnið áhættumat af hálfu Viðlagatryggingar Íslands. Áhættumatið skal meðal annars taka mið af eftirfarandi:

- Mat á náttúruvá, þar sem aflað er upplýsinga um þá náttúruvá sem váttryggt er gegn og/eða fyrirliggjandi gögn og upplýsingar eru yfirfarnar. Leita skal eftir álitni sérfræðinga á sviði náttúruvá, eftir því sem talin er ástæða til hverju sinni.
- Mat á heildavirði váttryggðra eigna. Teknar eru sama upplýsingar um fasteignir, lausafé og opinber mannvirki sbr. lög um Viðlagatryggingu Íslands. Sérstaklega er litið til landfræðilegrar staðsetningar eigna sem og breytinga á heildarvirði milli ára.
- Mat á tjónnæmi váttryggðra eigna, þar sem lagt er mat á hvaða áhrif sú náttúruvá sem váttryggt er gegn, hefur á váttryggðar eignir og hversu næmar eignirnar eru fyrir mismunandi náttúruvá.
- Mat á tryggingafræðilegri áhættu, þar sem upplýsingar úr ofangreindum þáttum eru notaðar til að meta váttryggingaráhættu Viðlagatryggingar Íslands. Gera skal líkindafræðilega útreikningar fyrir áhættu af völdum jarðskjálfta (e. probabilistic) en áhætta af völdum annarrar náttúruvá skal meta út frá sviðsmyndum. Leggja skal mat á árlegt meðaltjón af völdum jarðskjálfta (e. Average Annual Loss) og bera saman við innheimt iðgjöld. Einnig skal

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

meta gjaldþol stofnunarinnar með því að meta áhrif stórra atburða sem hafa áætlaðan meðalendurkomutíma að minnsta kosti 200 ár (e. PML).

3.1.3 Samspil iðgjalda og tjónskostnaðar

Stefna/markmið:

Að ávallt liggi fyrir sem bestar upplýsingar um samspil iðgjalda og tjónskostnaðar (vátryggingaráhættu). Ef niðurstaða mats á samspili iðgjalda og tjónskostnaðar er með einhverjum hætti óeðlileg, getur Viðlagatrygging Íslands gert viðeigandi ráðstafanir og komið á framfæri upplýsingum þess efnis til fagráðuneytis.

Viðmiðunarkröfur:

Iðgjöld skulu ekki vera lægri en mat á meðal kostnaði af völdum tjóna auk rekstrarkostnaðar, þegar horft er til langs tíma (a.m.k. 20 ár).

3.1.4 Greining áhættubátta varðandi vátryggingaskuld

Stefna/markmið:

Stefna Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggingaskuld gefi sem réttasta mynd af raunskuldbindingum stofnunarinnar á hverjum tíma auk álags vegna ótilkynntra tjóna²⁰.

Viðmiðunarkröfur:

Vátryggingaskuld skal áætluð út frá tilkynntum málum og þróun tilkynninga í kjölfar atburða að viðbættu hæfilegu álagi til að mæta kostnaði vegna ótilkynntra og ófyrirséðra tjóna. Tölfræðilegar og bókhaldslegar upplýsingar sem notaðar eru við mat á vátryggingaskuld skulu vera áreiðanlegar, nægjanlegar og viðeigandi. Viðhalda skal gæðaskjalinu VLY120 um áætlun vátryggingaskuldar þannig að hún sé lýsandi fyrir verklag sem viðhaft er.

Eftirlitsþættir:

Úttektir skulu gerðar á vinnulýsingu um áætlun vátryggingaskuldar (VLY120) í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar.

Þolmörk:

Ef fram kemur mismunur á raunfjárhæðum og áætlun tjónaskuldar vegna fyrra árs, umfram 20% skal gera sérstaklega grein fyrir því í árlegri áhættuskýrslu.

3.1.5 Endurtryggingar

Stefna/markmið:

Endurtryggingum Viðlagatryggingar Íslands er ætlað að auka getu stofnunarinnar til greiðslu tjónabóta í kjölfar meiriháttar tjónsatburða, í samræmi við hlutverk sitt og skuldbindingar. Endurtryggingum er þannig ætlað að draga úr áhættu stofnunarinnar með því að dreifa henni á trausta endurtryggjendur. Áhersla VTÍ er á fjárhagslega örugga endurtryggjendur með mikla reynslu á sviði náttúruhamfaratrygginga²¹. Stefnt er að markvissri uppbyggingu á þekkingu innan

²⁰ Sjá vinnulýsingu um áætlun tjónaskuldar VLY120.

²¹ Sbr. 52. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

stofnunarinnar þannig að starfsfólk og stjórnendur séu í stakk búinir til að taka ákvarðanir sem byggja á þekkingu á endurtryggingum, áhættumati, tjónareynslu og tryggingastærðfræði.

Viðmiðunarkröfur:

Þörf fyrir endurtryggingavernd VTÍ skal endurmetin árlega, bæði með tilliti til skuldbindinga stofnunarinnar um greiðslu tjónabóta og fjárhagslegs styrkleika hennar á hverjum tíma. Endurtryggingavernd skal fyrst og fremst ráðast af þeirri heildaráhættu VTÍ sem felst í greiðslu tjónabóta í kjölfar náttúruhamfara sem stofnunin váttryggir gegn. Heildar greiðslugeta VTÍ samanstendur þannig af eignum í sjóði stofnunarinnar auk endurtrygginga. Áhættumat skal byggja á fræðilegum og viðurkenndum aðferðum á sviði endurtrygginga.

Skýrsla skal tekin saman árlega fyrir endurtryggjendur, og skal hún byggja á áreiðanlegum og greinargóðum upplýsingum.

Þolmörk:

Við gerð samninga um endurtryggingar skal váttryggingarvernd og eigin áhætta stofnunarinnar metin með hliðsjón af iðgjaldtekjum, eigin fé og bestu fyrirliggjandi upplýsingum um áhættu hverju sinni. Hlutfall eigin áhættu í endurtryggingarsamningum skal að jafnaði ekki vera hærra en 40% af eigin fé stofnunarinnar miðað við núverandi þróun tjónsatburða og tekna. Fjórir stærstu aðilar á endurtryggingarsamningi skulu að hámarki ráða 60% hlut af samningi hvers árs.

Eftirlitsþættir:

Úttektir skulu gerðar á stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum sem varða endurtrygginga-samninga í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar. Þolmörk hlutfalls eigin áhættu af eigin fé í endurtryggingarsamningum þarf að endurskoða ef gjaldþol stofnunarinnar lækkar verulega (eða meira en 30% lækkun). Fylgjast skal með þróun á markaði með markvissum hætti til að tryggja að VTÍ nýti þau markaðstækifæri sem bjóðast á sviði endurtrygginga.

3.1.6 Afgreiðsla tjóna

Stefna/markmið:

Stefna Viðlagatryggingar Íslands er að tryggja skuli samfelldan rekstur stofnunarinnar þegar til náttúruhamfaraatburða kemur. Langtímamarkmið er sett um að stofnunin uppfylli staðalinn ISO22301 um rekstrarsamfellu fyrir árið 2017. Starfsemin skal á hverjum tíma vera í stakk búin til að afgreiða tjónamál skv. fyrirfram skilgreindu, samræmdu og gegnsæju verklagi. Koma skal á samstarfi með góðum fyrirvara við matsmenn sem koma til með að vinna að tjónamati eða öðrum þáttum tjónamála. Slíkt samstarf skal vera til staðar, óháð því hvort váttryggingaratburður hafi orðið nýlega en nauðsynlegt er að hægt sé að virkja það með skömmum fyrirvara. Með fylgni við verklagsreglur skal séð til þess að tjón séu metin í samræmi við viðeigandi lagaákvæði og váttryggingarskilmála, að greiddar séu réttar fjárhæðir og tilkynningar séu afgreiddar innan eðlilegra tímamarka. Viðskiptavinir skulu hafa aðgengi að þeim verklagsreglum sem gilda hverju sinni um feril tjóna (VLR018). Til að mæla ánægju viðskiptavina skal viðhorfskönnun framkvæmd í kjölfar tjónsatburða.

Viðmiðunarkröfur:

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Viðbragðsáætlun VTÍ í náttúruhamförum skal vera hluti af gæðakerfi VTÍ og vera aðgengileg í rafrænu formi á innraneti stofnunarinnar. Starfsmenn og matsmenn skulu fylgja verklagsreglum í hvívetna. Verklagsreglur skulu liggja fyrir um afgreiðslu tjóna og viðmiðunarmálshraða. Tryggja þarf að váttryggingafélögin séu upplýst um hvernig tjón skulu tilkynnt til VTÍ, þannig að þau fari öll sömu leið um heimasíðu VTÍ. Upplýsingar um hvernig tilkynna skuli tjón og hvernig afgreiðslu tjónamála skal háttað sé aðgengileg á heimasíðu VTÍ. Samningar skulu liggja fyrir við verkfræðistofur til að tryggja aðgengi að hæfum matsmönnum til tjónamats. Upplýsingatæknikerfi VTÍ skal þola það viðbótarálag sem af hlýst þegar atburður hefur orðið. Starfsmenn skulu hafa næga þekkingu á verklagi til að miðla til nýrra starfsmanna í kjölfar atburðar. Þegar atburður verður er framkvæmdastjóri ábyrgur fyrir því að rekstrarsamfella sé tryggð innan stofnunarinnar með viðeigandi aðgerðum. Skilgreina skal hvaða úrræði séu nauðsynleg til að framfylgja áætlun, hvaða tímamörk skulu sett varðandi úrvinnslu atburðar og hvaða niðurstaða varðandi rekstrarmarkmið teljist ásættanleg. Skoðun á útistandandi tjónakröfum skal fara fram að jafnaði sex sinnum á ári. Ánægja viðskiptavina með úrvinnslu

tjónamála óháð niðurstöðu tjónamats skal metin með reglubundum hætti.

Myndin hér til hliðar sýnir glögglega hvaða þættir skulu framkvæmdir og í hvaða röð þegar náttúruhamfarir eiga sér stað.

Þolmörk: Stefna skal að hækkun þeirra sem teljast nokkuð eða mjög ánægðir, frá könnun sem gerð var í lok árs 2013 um þjónustu sem veitt var á árunum



2008-2013 í öllum þáttum könnunarinnar. Miða skal við að nýjar mælingar taki til tjónsatburða sem verða eftir lok árs 2013. Stiglækkandi frávikahlutfall skal vera sýnilegt í tjónamálum frá ári til árs, bæði hvað varðar minni- og meiriháttar frávik. Upplýsingatæknikerfi VTÍ skulu þola álag sem hlýst af allt að 2.000 tilkynningum á einnar viku tímabili.

Eftirlitsþættir: Úttektir skulu gerðar á öllum stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum stofnunarinnar í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar. Prófanir skulu framkvæmdar í samræmi við markmið og leiðir með upplýsingaöryggisstefnu. Prófanir skulu framkvæmdar til að tryggja virkni viðbragðsáætlunar í samræmi við áætlun þar um. Framkvæma skal viðhorfskönnun meðal tjónþola í kjölfar tjónsatburðar og mælingar bornar saman við fyrri kannanir.

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

3.1.7 Hagsmunaárekstrar

Stefna/markmið:

Verklagsreglur skulu tryggja aðgreiningu starfa til að koma í veg fyrir svik, peningabætti²² og hagsmunaárekstra við afgreiðslu tjóna. Með hagsmunaárekstrum er átt við að matsmenn og/eða starfsmenn skulu upplýsa ef um tengsl er að ræða við viðskiptavini sem þeim er falið að eiga samskipti við í tengslum við afgreiðslu mála innan stofnunarinnar. Ef tengsl eru fyrir hendi sem haft gætu áhrif á meðferð málsins skal því komið í hendur annarra aðila.

3.2 Markaðsáhætta

Skilgreining:

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga²³. Markaðsáhætta getur einnig stafað af skorti á fjárfestingakostum vegna óvenjulegrar stöðu á markaði og breytingum á vaxtakjörum sem leiða til breytinga á markaðsvirði skuldabréfa til lengri tíma.

Stefna/markmið:

Viðlagatrygging Íslands hefur mótað sér stefnu sem gerir stofnuninni kleift að stýra markaðsáhettu²⁴. Stefnan er sett fram í reglum um fjárfestingastarfsemi (VLR113) en þar er fjallað um öll helstu atriði sem snúa að stýringu markaðsáhettu²⁵. Í þeim skal m.a. skilgreina hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra, innri endurskoðanda og eignastýrenda varðandi stefnumótun, stýringu og eftirlit með eignum stofnunarinnar. Með reglum um fjárfestingastarfsemi skal ákvarðað með hvaða hætti skuli ráðstafa fjármunum og hafa eftirlit með því að fjárfestingastefnu VTÍ (SSK092) sé fylgt. Markmið um ávöxtun og áhættu skal taka mið af varkárri fjárfestingastefnu þar sem lágmörkun áhættu skal sett framur ávöxtunarkröfu. Markmið um stýringu lausafjár²⁶ og kröfur um ávöxtun skulu koma fram í fjárfestingastefnu.

VTÍ skal ekki fjárfesta í eignum sem ekki hafa verið teknar til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, afleiðum, eða öðrum eignum sem flókið er að verðmeta²⁷.

Viðmiðunarkröfur:

Viðmiðunarkröfur um stýringu eignasafns skulu settar fram í fjárfestingastefnu hvers árs. Fjárfestingastefnan skal taka tillit til samspils eigna og skuldbindinga²⁸. Fjárfestingastefna skal samþykkt af stjórn. Fjárfestingastefnan skal endurskoðuð að lágmarki árlega í samræmi við reglur VTÍ um fjárfestingastarfsemi (VLR113) og markaðsaðstæður hverju sinni.

²² Sbr. 67 g. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

²³ Sbr. 40. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

²⁴ Sbr. 41. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

²⁵ Sbr. 42. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

²⁶ Sbr. 49. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

²⁷ Sbr. 43.-45. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

²⁸ Sbr. 47. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Hafi einstök fjárfesting marktæk áhrif á áhættu í fjárfestingastarfsemi VTÍ skal stjórn upplýst um áhættuna og/eða þá breytingu sem það kanna valda²⁹.

Þolmörk:

Skilgreiningar á þolmörkum er að finna í fjárfestingarstefnu VTÍ (SSK092).

Eftirlitsþættir:

Sjá ákvæði um eftirlitsþætti í reglum um fjárfestingastarfsemi (VLR113).

Reglulega skulu haldnir fundir með eignastýringaaðilunum, þar sem val á fjárfestingakostum og ávöxtun eigna skulu kynnt, hugað að markaðnum og næstu skref ákveðin. Eignasafnið skal reglulega kynnt fyrir stjórn stofnunarinnar með framlagningu mánaðarlegra yfirlita til kynningar.

Ársþriðjungsyfirlit og ársyfirlit skulu fá ítarlega umfjöllun og kynningu á stjórnarfundum.

3.2.1 Samspil eigna- og skuldbindinga

Eignasafni Viðlagatryggingar er að ætlað að standa á móti framtíðarskuldbindingum. Með jöfnun eigna á móti skuldbindingum (e. asset liability management) er eignastýring notuð til þess að draga úr áhættu vegna misræmis í virði eignasafnsins gagnvart verðþróun skuldbindinga. Áhætta Viðlagatryggingar verður þannig lágmarkuð með því að hafa eignir í eignasafninu sem hafa sambærileg einkenni og skuldbindingar³⁰.

Vátryggingaskuld er hin bókfærða vátryggingaskuld sem tilkomin er vegna óuppgerðra tjóna af orðnum atburðum³¹. Mat á raunverulegri skuldbindingu stofnunarinnar til lengri tíma er þó að líkindum betur lýst með mati á framtíðarskuldbindingu sem tekur mið af væntu árlegu meðaltjóni félagsins til framtíðar³². Þó má segja að víðtækasta skuldbinding stofnunarinnar skv. lögum nr. 55/1992 sé 1% af heildarvirði vátryggðra eigna á hverjum tíma.

Stefna/markmið:

Í fjárfestingastefnu Viðlagatryggingar Íslands er „Jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld“ skilgreind. Þar er greint frá því hvaða eignir stofnunin hyggst nota til að mæta vátryggingaskuld en gert er ráð fyrir að áhættulitlar eignir Viðlagatryggingar Íslands séu frátekna til að mæta vátryggingaskuld á hverjum tíma.

Hvað framtíðarskuldbindingu varðar þá er fjallað um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld í kafla 3 í fjárfestingastefnu VTÍ (SSK092). Þar er birt mynd sem sýnir væntar árlegar tjónslíkur. Vegna óvissu um mögulega tímasetningu tjóna er erfitt að leggja mat á líftíma framtíðarskuldbindingar Viðlagatryggingar Íslands³³.

²⁹ Sbr. 46. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³⁰ Sbr. 48 a. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³¹ Skv. mati á vátryggingarskuld í 1. gr. reglugerðar nr. 216/2011 um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld frumtryggingafélaga

³² Sbr. 50. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³³ Sbr. 48 c. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Hvað gjaldmiðlaskiptingu varðar þá má ætla að hluti tjóna sem Viðlagatryggingu beri að bæta sé vegna innfluttra vara og því eðlilegt að hluti eignasafns sé í erlendum eignum. Þá má færa rök fyrir því að heppilegt sé að hafa aukið vægi erlendra eigna þar sem stórt tjón af völdum náttúruhamfara geti ýtt undir verðlækkun á innlendum eignamörkuðum.

Viðlagatrygging Íslands beitir ýmsum öðrum áhættumildunaraðferðum við mótun fjárfestingastefnu en jöfnun eigna á móti skuldum. Dæmi um slíkar áhættumildunaraðferðir eru samval eigna og beinar takmarkanir á ráðstöfun í áhættusamar eignir³⁴.

Viðmiðunarkröfur:

Gert er ráð fyrir að í eignasafni Viðlagatryggingar Íslands séu ávallt auðinnleysanlegar eignir til taks til að mæta váttryggingarskuld³⁵.

3.3 Mótaðilaáhætta

Skilgreining:

Mótaðilaáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem m.a. stafar af sveiflum á lánshæfi mótaðila. Hér fellur einnig undir hætta vegna sveiflna á lánshæfi útgefanda skuldabréfa(skuldatryggingaálagi)³⁶.

Stefna/markmið:

Viðlagatrygging Íslands skal stýra og takmarka áhættu vegna fjárfestinga við skilgreind mörk í fjárfestingastefnu. Samsetning eignaflokka og aðila innan þeirra skal miða að því að lágmarka mótaðilaáhættu³⁷. Í fjárfestingastefnu Viðlagatryggingar Íslands skal tilgreint nákvæmlega hvernig skiptingu fjárfestinga í flokka og eftir útgefanda er fyrir komið. Fjárfestingastefnan skal taka mið af reglugerð nr. 216/2011 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld frumtryggingafélaga. Í reglum um fjárfestingarstarfsemi (SSK092) er stefna stjórnar um skynsama stýringu mótaðilaáhættu sett fram³⁸. Ekki er sérstök stefna til að bregðast við sveiflum á skuldatryggingaálagi. Val á endurtryggjendum skal taka mið af takmörkun mótaðilaáhættu og forðast háa hlutdeild á endurtryggjendasamningum við aðila með skylt eignarhald. Áhersla VTÍ er á stóran hóp fjárhagslega örugggra endurtryggjenda með mikla reynslu á sviði náttúruhamfaratrygginga (sjá kröfur um lánshæfiseinkunn í kafla 2.2.2.5 um endurtryggingar).

Viðmiðunarkröfur:

Fjárfestingastefna (SSK092) skal taka mið af mótaðilaáhættu með því að tryggja að fjárfestingar raðist ekki á fáa fjárfestingakosti með sama/skylt eignarhald. Kveða skal á um takmarkanir á fjárfestingakostum sérstaklega í fjárfestingastefnu. Áhættu vegna endurtrygginga skal dreift eins og

³⁴ Sbr. 48 a. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³⁵ Sbr. 49. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³⁶ Sbr. 51. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³⁷ Sbr. 52. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

³⁸ Sbr. 54. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

kostur er til endurtryggjenda með góða lánsþæfiseinkunn³⁹. Endurtryggingasamningum VTÍ skal dreift á a.m.k. 20 aðila. Eingöngu skal samið við endurtryggjendur með góða lánsþæfiseinkunn.

Lánsþæfismat (e. rating) endurtryggjenda skal yfirfarið og staðfest árlega við gerð endurtryggingasamninga.

Þolmörk:

Kveða skal á um þolmörk í eignasafni vegna mótaðilaáhattu í reitnum „Takmarkanir“ á bls. 2 í fjárfestingastefnu (SSK092). Miða skal við að aðilar að endurtryggingasamningi hvers árs skulu vera á bilinu 20-30 en að lágmarki 18. Leiðandi aðili samnings skal að hámarki hafa 25% hlutdeild í samningnum. Að hámarki skulu þeir 3 aðilar sem hafa hæstu hlutdeild í samningnum hafa samanlagt 60% hlutdeild í honum.⁴⁰ Að lágmarki skal 70% af endurtryggingarsamningi vera við endurtryggjendur með lánsþæfiseinkunn A eða hærra skv. S&P. Ef endurtryggjandi hefur ekki lánsþæfiseinkunn frá S&P skal taka mið af A. M. Best eða öðru viðurkenndu fyrirtæki sem metur lánsþæfismat endurtryggjenda. Heimilt er að allt að 30% hlutur samnings sé gerður við aðila sem hafa lánsþæfiseinkunn A-. Ekki skal semja við aðila með lægri einkunn en A-. Ef ekki eru forsendur á markaði til að uppfylla kröfur um lánsþæfi skal stjórn samþykkja sérstaklega aðila á samningi áður en hann er undirritaður.

Eftirlitsþættir:

Mánaðarlega skulu unnin yfirlit fyrir fjárfestingasafnið sem sýna ráðstöfun fjármuna í eignaflokka, og kannað hvort fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingastefnu VTÍ hverju sinni. Við endurnýjun endurtryggingasamninga skulu lánsþæfiseinkunnir endurtryggjenda yfirfarnar og hlutdeildir hvers aðila innan samnings og hæstu fjögurra endurtryggingarfélaga samanlagt. Úttektir skulu gerðar á stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum sem varða fjárfestingar og endurtryggingar í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar.

3.4 Lausafjárahatta

Skilgreining:

Í lausafjárahattu felst hættan á að stofnunin hafi ekki yfir nægum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á⁴¹.

Stefna/markmið:

Stefna stofnunarinnar skal vera að nægjanlegt lausafé sé ávallt til staðar⁴². Þessi stefna skal nánar ákveðin í reglum um fjárfestingastarfsemi (VLR113). Þeim fjármunum skal ætlað að mæta skammtímaskuldbindingum í formi tjónagreiðslna og endurtryggingaiðgjalda. Að auki skal stór hluti fjárfestinga vera auðinnleysanlegar eignir.

Þolmörk:

³⁹ Sbr. 53. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁰ Tekur gildi frá árinu 2015

⁴¹ Sbr.56. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴² Sbr. 58. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

5-10% af fjárfestingasafni VTÍ á hverjum tíma skal ráðstafað á innlánsreikning í Seðlabanka Íslands. Á almennum bankareikningum VTÍ skal heimilt að hafa laust fé sem nemur allt að samanlögðum rekstrarkostnaði VTÍ síðustu þrjá mánuði þar á undan⁴³. Verði verulegar breytingar í starfsemi félagsins skal endurskoða þolmörkin með hliðsjón af umfangi breytinganna⁴⁴.

Eftirlitsþættir:

Mánaðarlega skal framkvæmt eftirlit með hlutfalli innláns í Seðlabanka Íslands og skal stjórn gerð grein fyrir niðurstöðunni í formi skýrslna um eignastýringu. Almennt skal framkvæmdastjóri vera meðvitaður um stöðu á almennum bankainnlánsreikningum en á þriggja mánaða fresti skal fara fram skráð innra eftirlit þar sem sýnilegt skal að úttekt sé gerð á stöðu reikninga og hún borin saman við rekstrarkostnað síðustu þriggja mánaða. Úttektir skulu gerðar á stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum sem varða fjárfestingar og eignasafn í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar⁴⁵.

3.5 Rekstraráhætta

Skilgreining:

Undir rekstraráhættu fellur áhætta vegna taps af ófullnægjandi eða gölluðum innri kerfum, vegna starfsmanna, birgja eða vegna ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu⁴⁶. Helstu þættir rekstraráhættu snúa að skipulagi VTÍ, eðli starfseminnar, mannauðsmálum, upplýsingaöryggi og skjölun verklags og frávíkaskráningar⁴⁷.

Stefna/markmið:

Stjórnendur skulu vera meðvitaðir um helstu rekstraráhættuþætti sem stýra þarf í félaginu og tryggja reglulega endurskoðun áhættustýringarstefnu hjá VTÍ⁴⁸. Stjórnendur bera ábyrgð á að áhættustýring sé innleidd í öllum þáttum starfseminnar með áherslu á ítarlega skráningu verklags og vinnulýsinga. Innleiðingin tekur til allrar starfsemi VTÍ og skulu allir starfsmenn vera meðvitaðir um hlutverk sitt í stýringu rekstraráhættu⁴⁹. Gæðahandbók skal innifela þær skriflegu reglur og viðmið sem gilda í starfseminni. Sérstök áhersla er hér á Upplýsingaöryggisstefnu (SSK202) sem skal kveða á um þjónustu, eignir, upplýsingar og búnað sem stofnunin hefur umsjón með eða felur öðrum umsjón með. Í upplýsingaöryggisstefnu skal kveðið nánar á um áhættumat upplýsingatækni og rekstrarsamfelluáætlun vegna upplýsingatækni. Upplýsingaöryggisstefna skal endurskoðuð með tilliti til breytinga á rekstraráhættu sem felst í starfsemi og kerfum VTÍ og þeirri rekstraráhættu sem felst í því að hefja nýja tegund starfsemi eða breyting á kerfum VTÍ⁵⁰. Sérstök viðbúnaðaráætlun fjallar um með hvaða hætti verði staðið að lágmörkun tjóns og tafa á starfsemi VTÍ vegna aðstæðna sem hafa

⁴³ Sbr. 57. a og b lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁴ Sbr. 57. c lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁵ Sbr. 59. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁶ Sbr. 61. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁷ Sbr. 66 og 67 a. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁸ Sbr. 62. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁴⁹ Sbr. 63. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁵⁰ Sbr. 64. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

truflandi áhrif á kerfi sem notuð eru í daglegri starfsemi VTÍ⁵¹. Einnig er Mannauðsstefna (SSK162) mikilvæg til að draga úr rekstraráhættu⁵². Í henni skal lögð áhersla á starfsþróun og fræðslu hjá VTÍ með það að markmiði að starfsfólk upplifi tækifæri til þekkingaröflunar og njóti þess að taka þátt í verkefnum á vegum stofnunarinnar. Áhersla skal lögð á að VTÍ sé eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að sér hæft og vel menntað starfsfólk.

Áhersla skal lögð á vandaða samningagerð og gerð viðeigandi krafna til birgja við samningagerð⁵³.

Viðlagatrygging Íslands skal gera allt sem í valdi stofnunarinnar er til að afla sér vitneskju og þekkingar á fyrirhugðum breytingum í laga- og reglugerðarumhverfi.

Viðmiðunarkröfur:

Upplýsingatæknikerfi er sá hluti rekstraráhættu sem er hvað viðkvæmastur fyrir rekstraráhættu⁵⁴. Í þeim tilgangi að lágmarka rekstraráhættu sem kann að skapast af ófullnægjandi upplýsingakerfum skal umsjón upplýsingakerfa úthýst til fyrirtækis sem hefur gott orðspor og þekkingu á því sviði. Rík áhersla skal lögð á skjalfestingu krafna hvað varðar öryggismál og afritun⁵⁵. Upplýsingaöryggisstefna skal kveða á um kröfur til meðferðar á upplýsingatengdum eignum og Viðbragðsáætlun upplýsingatæknikerfa (VLR238) skal skilgreina hvaða viðbrögð hafa verið ákveðin fyrir truflanir á upplýsingakerfum til að þau valdi sem minnstri truflun á rekstrinum.

Tryggja skal að viðhaft sé ferli við móttöku nýrra starfsmanna (GÁT135) sem tryggir miðlun allra nauðsynlegra upplýsinga, þjálfun starfsmanns og útvegum búnaðar. Fylgja skal gátlista um starfslok (GÁT161) til að tryggja m.a. lokun aðgangs að húsnæði, upplýsingatæknikerfum og útdeilingu verkefna starfsmannsins. Tryggja skal að viðeigandi búnaður s.s. viðeigandi ferlar, sniðmát og gátlistar sem tengjast þjálfun nýrra starfsmanna, bæði vegna venjubundinnar starfsmannaveiltu og vegna stóratburða sem kalla á aukinn mannafla hjá stofnuninni, sé ávallt til staðar. Viðhalda skal vinnulýsingu um starfsmannafundi (VLY145) til að tryggja miðlun upplýsinga um starfsemina og áhættuvitund meðal starfsmanna. Í mannauðsstefnu (SSK162) skal kveða á um starfsmannasamtöl, símenntunar- og starfsþróunaráætlun. Verkferlar og verklagsreglur skulu skipulega vistaðir í rafrænni gæðahandbók í þeim tilgangi að draga úr rekstraráhættu af ýmsu tagi. Gæta skal þess að váttryggingaskilmálar⁵⁶ séu skýrir og í samræmi við markmið VTÍ⁵⁷.

Útvistun verkefna skal skoðuð þar sem hún þykir viðeigandi og hagkvæm. Undirritaðir samningar við útvistunaraðila skulu liggja fyrir ef um er að ræða þjónustu sem byggist á langtíma viðskiptasambandi⁵⁸. Samningar skulu vera í gildi við þjónustuaðila sem getur útvegað helsta

⁵¹ Sbr. 67 d. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014, innleitt frá og með október 2015

⁵² Sbr. 37 e og f. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁵³ Sbr. 68. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁵⁴ Sbr. 67 b. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁵⁵ Sbr. 67 c. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁵⁶ Sbr. 98. lið leiðb. tilmæla FME nr. 1/2011

⁵⁷ Gerð váttryggingaskilmála er í vinnslu, ákvæðið tekur gildi frá og með árinu 2015.

⁵⁸ Sbr. 97. lið leiðb. tilmæla FME nr. 1/2011

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

tölvubúnað með skömmum fyrirvara ef til stóratburða kemur. Tryggja skal að samningar séu í gildi við hæfa aðila til matsstarfa ef til stóratburða kemur. Leitast skal við með samningum að hægt sé að fjölga matsmönnum eftir því sem þörf þykir hverju sinni. Viðhalda skal fyrirfram skilgreindum lágmarkskröfum þeirra sem sinna matsstörfum fyrir VTÍ með verklagsreglu um val á matsmönnum (VLR194).

Allar ábendingar sem stofnunin getur haft hagsmuni af að koma til löggjafavaldsins í gegnum fagráðuneyti skulu settar fram með skilmerkilegum hætti og þeim fylgt eftir eins og kostur er. Leitast skal við að viðhafa samráð við fagráðuneyti um öll þau mál er varða hagsmuni stofnunarinnar.

Þolmörk:

Þjónustuaðili í upplýsingatækni sem samið er við um heildarrekstur upplýsingatæknikerfa skal uppfylla ISO27001 upplýsingastjórnunarstaðalinn.

Viðskiptasamningar skulu að lágmarki liggja fyrir við þá birgja sem viðskiptasamband er virkt við í a.m.k. sex samfellda mánuði og árleg fjárhæð fyrir þjónustu er að meðaltali hærri en 500 þúsund kr. Að lágmarki skulu vera í gildi samningar við 4 aðila sem vottaðir eru skv. ISO9001 gæðastjórnunarstaðlinum sem tryggja samtals aðgang að 30 matsmönnum að lágmarki með viðeigandi þekkingu í samræmi við VLR194.⁵⁹

Eftirlitsþættir:

Við gerð og endurskoðun samninga við þjónustuaðila sem sér um heildarrekstur upplýsingakerfa skal leggja fram staðfestingu á fylgni við ISO27001 upplýsingastjórnunarstaðalinn.

Á þriggja mánaða fresti skal yfirfarið hvort um er að ræða viðskiptasamband sem hefur verið virkt í a.m.k. sex samfellda mánuði og hvort árleg fjárhæð þjónustu er að meðaltali hærri en 500 þúsund kr. og þá skal framkvæmdastjóra gerð grein fyrir því ef svo er ekki. Reglulega skal staðfest að aðkeypt þjónusta sé í samræmi við gildandi samninga, bæði hvað varðar umfang og kostnað.

Við gerð og endurskoðun samninga við aðila vegna matsstarfa skal liggja fyrir staðfesting á fylgni við ISO9001 og listi yfir nöfn matsmanna og fylgni þeirra við VLR194.

Úttektir skulu gerðar á öllum stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum stofnunarinnar í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar til að tryggja eftirlit með rekstraráhættu. Skrá skal öll frávik og tap sem orðið hefur vegna rekstraráhættu⁶⁰.

3.6 Eiginfjárahætta⁶¹

Skilgreining:

Staða eigin fjár þarf að vera nægilega sterk svo að vátryggingafélög geti staðið við skuldbindingar sínar þó að þau verði fyrir áföllum. Eiginfjárahætta er hættan á að gæði eða magn eigin fjár séu ekki

⁵⁹ Tekur gildi 2015

⁶⁰ Sbr.65. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁶¹ Viðlagatrygging er undanþegin Solvency II og ORSA kröfum. Því er ekki full fylgni við kröfur í liðum 70. til 72 í leiðb. tilmælum FME nr. 3/2014 í stefnunni.

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

nægileg til að geta mætt þessum kröfum. Eiginfjárstýring felur í sér stýringu á þessum áhættuþætti.⁶²

Stefna/markmið:

Staða eigin fjár skal vera nægilega sterk til að Viðlagatrygging geti staðið við skuldbindingar sínar þó að félagið verði fyrir áföllum.

Viðmiðunarkröfur:

Eigið fé VTÍ skal skv. lögum verja með auknum iðgjöldum þannig að iðgjöld séu innheimt með 50% álagi fari eigið fé félagsins niður fyrir 1% af áætluðum váttryggingafjárhæðum.

Þolmörk:

Eigið fé Viðlagatryggingar skal að jafnaði ekki vera undir 2% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum.

3.7 Stefnumótunaráhætta

Skilgreining:

Stefnumótunaráhætta er hættan á því að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lækkunar gjaldþols.

Stefna/markmið:

Stefnur eru settar fyrir alla helstu þætti í starfseminni og markmið og leiðir skulu fylgja þeim. Helstu daglegar, viðskiptalegar og rekstrarlegar ákvarðanir skulu endurspeglast af stefnu stjórnar í viðkomandi atriðum.

Tryggja skal að stjórnendur, starfsmenn og hagsmunaaðilar séu meðvitaðir um stefnu stjórnar og að starfsemin sé í samræmi við hana. Nýjungar í áætlanagerð og markmiðssetningu skulu vel kynntar, njóta stuðnings í upplýsingatæknikerfum og fjármagn skal vera til staðar til að koma þeim í framkvæmd.

Stofnunin skal vanda til allrar samningagerðar og þá sérstaklega sem lýtur að endurtryggingavernd VTÍ. Markmið Viðlagatryggingar Íslands er að lágmarka áhættuþætti sem snerta stofnunina. Leitast er við að minnka áhættu með forvörnum í sem víðustum skilningi. Áhersla er á heiðarleika og siðferðileg gildi og að farið sé eftir settum lögum og reglum.

Viðmiðunarkröfur:

Stefnur Viðlagatryggingar Íslands skulu endurskoðaðar með reglubundnum hætti. Til að tryggja endurskoðun á stefnum stofnunarinnar skal liggja fyrir endurskoðunaráætlun ferla VTÍ (UPL197). Starfsfólk skal koma að stefnumótun með stjórn og framkvæmdastjóra og gæðamál skulu fá nægilegt rými á fundum starfsfólks og stjórnar. Fylgjast þarf með þróun markmiða og þeim áhættum sem kunna að koma í veg fyrir að þeim verði náð. Gripa skal til frekari aðgerða ef mál þróast út fyrir sett þolmörk á einstökum sviðum.

Þolmörk:

⁶² Sbr. 69. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Að gjaldþol stofnunarinnar sé aldrei lægra en tvöfalt lágmarksgjaldþol. Um útreikning lágmarksgjaldþols fer skv. reglugerð nr. 632/2003 um eignir sem telja má til váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Eftirlitsþættir:

Árangur hvers markmiðs skal metinn með árangursmælingum/innri úttektum, rekstraráætlunum og frávíkagreiningu. Gjaldþol skal mælt árlega.

3.8 Samþjöppunaráhætta

Skilgreining:

Samþjöppunaráhætta tekur til allra áhættuskuldbindinga sem eru nógu stórar til að tap vegna þeirra gæti ógnað gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu váttryggingafélagsins.

Stefna/markmið:

Stefna um viðskiptavinahóp VTÍ er mörkuð í lögum um VTÍ nr. 55/1992. Með ákvæðum í lögum um kröfur til einstaklinga og fyrirtækja um að váttryggja eignir sínar hjá stofnuninni er áhætta tengd samþjöppun mjög takmörkuð vegna ákvæða um skyldutryggingar á öllum brunatryggðum fasteignum, óháð eignarhaldi.

Fjárfestingastefna VTÍ skal taka mið af samþjöppunaráhættu með dreifingu fjárfestinga á flokka og aðila innan tiltekinna flokka.

Endurtryggingar skulu taka mið af samþjöppunaráhættu með dreifingu áhættu gagnvart einstökum endurtryggjendum. Í þeim tilvikum sem um er að ræða endurtryggjendur með skylt eignarhald skal tryggja fjárhagslegt óhæði áður en samningar eru undirritaðir, ef til gjaldþrots annars aðilans skyldi koma.

Þolmörk: Að hámarki mega endurtryggjendur með skylt eignarhald sem geta ekki tryggt fjárhagslegt óhæði ef til gjaldþrots annars aðilans skyldi koma, hafa 20% hlutdeild á endurtryggingarsamningum VTÍ. Kveða skal á um þolmörk í eignasafni vegna samþjöppunar í reitnum „Takmarkanir“ á bls. 2 í fjárfestingastefnu (SSK092). Að öðru leyti gilda sömu þolmörk og í mótaðilaáhættu.

Eftirlitsþættir:

Ekki er gerð krafa um eftirlit með samsetningu váttryggingartaka á grundvelli samþjöppunaráhættu. Í mánaðarlegu eftirliti skal athuga fylgni við fjárfestingarstefnu VTÍ sem m.a. er ætlað að draga úr samþjöppunaráhættu. Árlega skal lagt mat á samsetningu endurtryggjenda með það í huga hvort samþjöppunaráhætta sé innan þolmarka. Úttektir skulu gerðar á stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum sem varða fjárfestingar og eignasafn í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar.

3.9 Orðsporsáhætta

Skilgreining:

Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor stofnunarinnar hjá neytendum, mótaðilum, stjórnvöldum og öðrum hagamunaaðilum getur valdið stofnuninni.

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Stefna/markmið:

Að stjórnendur séu meðvitaðir um helstu þætti orðsporsáhættu sem VTÍ getur orðið fyrir og hvernig þeir tengjast öðrum áhættuþáttum félagsins. Þeir þættir sem hafa áhrif á orðspor, væntingar viðskiptavina og afstöðu þeirra til stofnunarinnar skulu fá athygli stjórnenda og aðgerðir vegna þess vera sýnilegar. Viðlagatrygging Íslands hefur að markmiði sínu að viðhafa gegnsæ vinnubrögð þar sem samkvæmni skal vera í afgreiðslu mála og jafnræðisregla skal í hávegum höfð. Mikil áhersla skal lögð á réttlæika og miðlun upplýsinga til allra hagsmunaaðila, jafnt váttryggingataka, endurtryggjenda, embættismanna í fagráðuneyti, eftirlitsaðila og samstarfsaðila á öllum sviðum. Starfsmenn og stjórn skulu meðvitaðir um gildi stofnunarinnar og taka virkan þátt í því að gildin endurspeglast í starfsemi hennar.

Viðmiðunarkröfur:

Siðareglur skulu settar og viðhafðar hjá VTÍ (VLR217). Í siðareglum VTÍ skal kveðið á um með hvaða hætti starfsmenn og stjórn stuðla að því að gildi stofnunarinnar séu höfð í fyrirrúmi. Varðandi ábyrgð á almannatengslum vísast til starfsreglna stjórnar (VLR060). Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum almannatengslum og skal á hverjum tíma viðhalda færni sinni og þekkingu til að tjá sig í ræðu og riti þannig að orðspor VTÍ sé í fyrirrúmi. Vinna skal með fagaðila í almannatengslum að úrlausn þeirra mála sem kunna að hafa áhrif á orðspor VTÍ. Tryggja skal að allir starfsmenn séu meðvitaðir um þennan áhættuþátt. Kveðið skal á um upplýsingagjöf í tengslum við stóra tjónsatburði í viðbragðsáætlun VTÍ, bæði hvað varðar tímasetningar og aðila. Sjá stefnu um viðhorfskannanir í kafla „3.1.6 Afgreiðsla tjóna“.

Þolmörk:

Ekki eru forsendur til að kveða sérstaklega á um þolmörk varðandi orðsporsáhættu.

Eftirlitsþættir:

Fylgst skal með allri umfjöllun um Viðlagatryggingu Íslands í gegnum fjölmiðlavaktina. Haldið skal utan um kvartanir með skipulögðum hætti í samræmi við VLY146 um ábendingar. Nýta skal viðhorfskönnun til greiningar á viðhorfi til stofnunarinnar.

3.10 Sviksemisáhætta

Skilgreining:

Áhætta af því að aðilar gerist brotlegir gagnvart stofnuninni með fjárhagslegan eða persónulegan ávinning í huga.

Stefna/markmið:

Með skýrri stefnumótun, verklagsreglum um heimildir og ábyrgð aðila sem tengjast starfseminni skal ávallt tryggja fullnægjandi starfaaðgreiningu og eftirlit með framkvæmd þannig að ekki skapist svigrúm til sviksemi.

Viðmiðunarkröfur:

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

Settar skulu verklagsreglur og vinnulýsingar sem tryggja viðeigandi starfaaðgreiningu. Skýr ákvæði skulu vera fyrir hendi í siðareglum (VLR217) um viðbrögð við innri sviksemi hjá VTÍ. Verklagsreglur skulu innifela verklag sem viðhaft er ef upp kemur grunur um tilraun til váttryggingasvika.

Eftirlitsþættir:

Úttektir skulu gerðar á öllum stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum stofnunarinnar í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar.

3.11 Fylgni milli áhættupátta

Skilgreining:

Áhættan af því að virkjun einnar áhættu leiði til þess að einn eða fleiri aðrir áhættuþættir virkist.

Stefna/markmið:

Framkvæmdastjóri skal vera meðvitaður um mögulega fylgni milli áhættupátta.

Viðmiðunarkröfur:

Við framkvæmd árlegs eigin áhættumats (sbr. kafli 1.3) skal meta mögulega fylgni milli áhættupátta. Slík fylgni er mest áberandi í því sem snýr að fjárfestingum og endurtryggingum. Einnig er vert að veita því athygli að fylgni kann að vera á milli áhættupátta við stóra náttúruhamfaraatburði og vegna óróleika á fjármálamörkuðum. Við eigið áhættumat skal gerð grein fyrir því hvernig fylgni milli áhættupátta er mæld.

Eftirlitsþættir:

Úttektir skulu gerðar á öllum stefnum, verklagsreglum og vinnulýsingum sem snúa að áhættustýringu í samræmi við áhættumiðaða úttektaráætlun stofnunarinnar. Þegar náttúruhamfaraatburðir eiga sér stað skal metið hvort áhrif kunna að hafa orðið á aðrar áhættur og hvort ástæða sé til viðbragða vegna þess.

4. STARFSSVIÐ TRYGGINGARSTÆRÐFRÆÐINGS

4.1 Verkefni tryggingastærðfræðings⁶³

Hjá Viðlagatryggingu Íslands starfar byggingaverkfræðingur sem sérfræðingur á sviði tjóna- og áhættumats. Hann hefur með höndum hlutverk tryggingastærðfræðings. Byggingaverkfræðingur annast tryggingafræðilega útreikninga og leggur mat á áhættu Viðlagatryggingar Íslands í tengslum við skuldbindingar sem tengjast bótaskyldu af völdum náttúruhamfara. Hann leggur líkindafræðilegt mat á áhættu af völdum jarðskjálfta t.d. á líklegu árlegu meðaltjóni (Annual average loss AAL). Hann leggur einnig mat á áhættu af völdum annarra náttúruhamfara sem stofnunin váttryggir gegn s.s. eldgosa. Slíkir útreikningar geta m.a. byggst á sviðsmyndum og mati á áhrifum þeirra. Hann annast í samráði við framkvæmdastjóra og lögfræðing, útreikninga á áætlaðri váttryggingaskuld. Upplýsingar

⁶³ Lýsing á hlutverki byggingaverkfræðings. Ath. að VTÍ er undanþegin Solvency II og því eru kröfur ekki í fullu samræmi við liði 75. til 78. í leiðb. tilmælum FME nr. 3/2014.

Áhættustýringarstefna Viðlagatryggingar Íslands

um breytingu á áætlaðri váttryggingaskuld á milli ára skulu vera aðgengilegar í árlegri áhættuskýrslu til stjórnar.

Byggingaverkfræðingur veitir ráðgjöf um stefnu um áhættutöku og endurtryggingavernd og áhrif þeirra þátta á váttryggingaskuld⁶⁴. Í áhættuskýrslu til stjórnar skal hann setja fram upplýsingar um helstu verkefni sem hann hefur unnið að ásamt mikilvægum niðurstöðum úr greiningum. Í þeirri skýrslu skal einnig koma fram hvaða breytingar eru nauðsynlegar í starfsumhverfi eða verkefnavali til úrbóta í áhættumati og stýringu⁶⁵.

5. FRÁVIK OG BREYTINGAR

Auk þeirra liða sem sérstaklega er tekið fram neðanmáls að séu með frávik frá leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2014 skal tekið fram að IV kafli tilmællanna lýtur að innleiðingu á Solvency II, sem VTÍ hefur fengið undanþágu frá vegna eðlis starfseminnar. Ekki er því fjallað sérstaklega um þau atriði sem þar koma fram.

Almennt fylgja „markmið og leiðir“ sem stefnuskjölum VTÍ. Áhættuskýrsla sem gerð er árlega tekur til allra þeirra þátta sem kröfur eru gerðar til í stefnu þessari og því er það óþarfi í þessu tilfelli.

Til breytinga á stefnu þessari þarf samþykki stjórnar. Stefnan skal endurskoðuð a.m.k. árlega.

Stefna þessi var fyrst útgefin í febrúar árið 2014.

⁶⁴ Sbr. 79. lið leiðb. tilmæla FME nr. 3/2014

⁶⁵ Sbr. 80. lið leib. tilmæla FME nr. 3/2014